

**1995 nr. 25 3. mars****Lög um samræmda neyðarsímsvörum**

Tóku gildi 9. mars 1995.

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin skal eigi síðar en 31. desember 1995 koma upp samræmdri neyðarsímsvörum fyrir Ísland til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsímsvörum þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

■ **2. gr.** Samræmt neyðarsímanúmer fyrir Ísland skal vera 112 og er óheimilt að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi fyrir aðra starfsemi.

□ Póst- og símamálastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem leyfi hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að allir notendur síma geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112.

□ Óheimilt er að nota orðin neyðarnúmer og neyðarsímanúmer ein sér eða í samsetningum fyrir aðra starfsemi hér á landi en samræmt neyðarnúmer samkvæmt lögum þessum.

■ **3. gr.** Til að sinna viðtöku og úrvinnslu tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skal koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Dómsmálaráðherra er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri.

□ Rekstraraðila vaktstöðvar er heimilt að semja við þá aðila, sem sinna neyðarþjónustu, um að vaktstöðin sinni boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarþjónustuaðila. Sama gildir um vöktun aðvörunarkerfa. Samningar um slíka þjónustu eru háðir samþykki dómsmálaráðherra.

■ **4. gr.** Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu skv. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. þessarar greinar greiðist að hálfu af ríkissjóði og hálfu af sveitarfélagunum. Hlutur sveitarfélaganna skal innheimtur hjá hverju sveitarfélagi um sig í samræmi við íbúatölu.

□ Óski aðili, sem sinnir neyðarþjónustu, eftir að vaktstöð sinni boðun eða annarri þjónustu í hans þágu skal greitt fyrir þá þjónustu samkvæmt sérstökum samningi.

■ **5. gr.** Þeim aðilum, opinberum og einkaaðilum, sem sinna neyðarþjónustu á Íslandi, skal skylt að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð<sup>1)</sup> að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og nánar um fyrirkomulag á upplýsingagjöfni.

<sup>1)</sup> Rg. 570/1996.

■ **6. gr.** Vaktstöð samkvæmt lögum þessum skal skrá og hljóðrita tilkynningar sem þangað berast. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um geymslu og notkun skrána.

<sup>1)</sup> Rg. 570/1996.

■ **7. gr.** Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þó að látið sé af starfi. Starfsmenn vaktstöðvar skulu hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila er neyðarþjónustu sinna.

■ **8. gr.** Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

□ Dómsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð<sup>1)</sup> hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglur um starfs svið nefndarinnar.

<sup>1)</sup> Rg. 570/1996.

■ **9. gr.** Þeir sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar skulu, svo sem kostur er, gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni.

□ Verði maður uppvís að því að senda vísitandi ranga tilkynningu til vaktstöðvar samkvæmt lögum þessum eða misnota að öðru leyti þjónustu vaktstöðvar við boðun hjálparliðs skal það varða refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.